

Mánudaginn 3. október 1949.

Nr. 72/1949. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Kára Söebeck Kristjánssyni (Gunnar J. Möller).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Kærði er fæddur 11. ágúst 1928, en ekki 1920, svo sem í héraðsdómi segir. Hegðun hans, sem lýst er í héraðsdómi, er þar rétt færð til refsíákvæða. Þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sekt og vararefsingu, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Þar sem kærði, sem tvisvar áður hefur sætt refsingu fyrir of hraðan akstur, gerði sér leik að því að aka með óhóflegum hraða um fjölfarnar götur Reykjavíkur, brjóta þá ýmsar umferðarreglur og sinna ekki stöðvunarmerki lögreglumanna, þá hefur hann sýnt, að hann er ekki hæfur til að hafa réttindi til að aka bifreið. Ber því samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð :

Kærði, Kári Söebeck Kristjánsson, greiði kr. 1000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal sviptur ævilangt rétti til bifreiðar-aksturs.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestist.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verj-

anda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Gunnars Möllers, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. nóvember 1948.

Ár 1948, laugardaginn 19. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Einari Ingimundarsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5650/ 1948: Valdstjórnin gegn Kára Söebeck Kristjánssyni, sem tekið var til dóms hinn 12. október sl.

Málið er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðum, Kára Söebeck Kristjánssyni járnsmiðanema, Eskihlið 14 A hér í bæ, fyrir brot gegn bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum, nr. 24 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. ágúst 1920 á Ísafirði, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1947 14/2 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögrsp. og 26. gr. bifreiðal.

1948 9/2 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan akstur á bifreið.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

I.

Með bréfi, dags. 23. júlí sl., kærði sýslumaðurinn í Árnessýslu yfir því við sakadómaramann í Reykjavík, að nokkrar bifreiðar, sem skrásettar voru í Árnessýslu, en eigendur þeirra búsettir í Reykjavík, hefðu ekki komið til skoðunar á þessu ári og eigendur þeirra ekki tjáð lögmæt forföll. Meðal þessara bifreiða var bifreiðin X-390, sem kærður átti þá. Kveðst hann hafa keypt nefnda bifreið af 2 nafngreindum mönnum á Selfossi nálægt mánaðamótum júní—júlí sl. Var bifreiðin þá óskoðuð, og ekki kveðst kærður hafa getað fengið hana skoðaða hér, fyrr en búíð var að greiða af henni skatta, en skjölin fyrir hinum ógreiddu sköttum hafi hins vegar verið hjá sýslumanninum í Árnessýslu. Kærður segir margnefnda bifreið hafa verið bilaða, þegar bifreiðaskoðun fór fram í Árnessýslu, en ekki hafi hann gert sýslumanninum þar aðvart um, að hann gæti ekki fært hana til skoðunar á réttum tíma. Ekki kveðst kærður hafa ekið nefndri bifreið neitt, frá því að hana átti að skoða, þar til hinn 30. júlí sl.

II.

Um kl. 5.55 e. h. föstudaginn 9. júlí sl. voru þeir lögreglumennirnir Davíð Hálfðánarson og Eiður Gíslason á eftirlitsferð um Hafnarfjarðarveg í einni af lögreglubifreiðunum. Sáu þeir þá, hvar bifreiðinni R-3018 var ekið suður nefndan veg með miklum hraða. Segja þeir, að frá há-Eskihliðinni niður í Fossvog hafi bifreið þessi farið með 60-70 km hraða

miðað við klst. og einnig hafi bifreiðinni verið ekið með 50—55 km hraða miðað við klst. á Fossvogsvégi. Lögreglumennirnir, sem fyrr eru nefndir, stöðvuðu nú margnefnda bifreið, og segir Eiður Gíslason stjórnanda hennar hafa sagzt heita Kristján Kristjánsson, Eskihlíð 14. Kærður hefur viðurkennt, að hann hafi verið á ferð í bifreiðinni R-3018 á fyrrnefndum stað og tíma, og einnig hefur hann viðurkennt, að hann hafi ekið með þeim hraða, sem 2 fyrrnefndir lögreglumenn telja hann hafa ekið með á fyrrnefndum stöðum. Hins vegar kveðst kærður ekki hafa sagzt heita Kristján Kristjánsson, enda hafi hann ekki verið spurður um nafn, en Eiður Gíslason hafi skrifað nafn sitt (kærðs) upp úr ökuskirteini sínu. Út af þessu hefur Eiður Gíslason tekið fram, að hann vilji ekki fullyrða, að kærður hafi sagzt heita Kristján, er hann spurði hann um nafn, og hefur tekið fram, að ökuskirteini kærðs, sem hann (Eiður) skoðaði við þetta tækifæri, hafi verið illlæsilegt og óhreint.

III.

Um kl. 3.30 e. h. föstudaginn 30. júlí sl. voru þeir lögreglumennirnir Geir Jón Helgason og Sverrir Guðmundsson staddir í jeppabifreiðinni R-3122 á móts við húsið nr. 166 við Laugaveg. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni X-390, sem ók niður Laugaveg. Með því að lögreglumennirnir vissu, að bifreið þessi var óskoðuð, gáfu þeir stjórnanda hennar hljóðmerki til þess að gefa honum til kynna, að þeir vildu hafa tal af honum, en við þessu brást hann þannig, að hann ók sem hraðast niður Laugaveg. Veittu nú lögreglumennirnir fyrrnefndri bifreið eftirför, og óku þeir með rúmlega 50 km hraða miðað við klst. niður fyrrnefnda götu, en samt dró sundur með þeim og bifreiðinni X-390. Síðan var bifreið þessari ekið austur veg nokkurn, sem er fyrir ofan Mjólkurstöðina við Laugaveg, en síðan niður Lönguhlíð, vestur Laugaveg og niður á Skúlagötu. Kringum umferðareyjarnar, sem eru á gatnamótum Skúlagötu og Laugavegar, ók bifreið þessi öfugt. Eftir þetta ók bifreiðin X-390 vestur Skúlagötu, beygði suður Rauðarárstíg, austur Hverfisgötu og síðan Laugaveg, en þar eð bilið milli bifreiðarinnar X-390 og bifreiðar lögreglumannanna var nú orðið langt, fór Geir Jón Helgason úr bifreiðinni á Rauðarárstíg, en Sverrir Guðmundsson hélt áfram að veita bifreiðinni X-390 eftirför. Geir Jón Helgason hljóp síðan niður á Skúlagötu, en í sömu svifum stá hann, hvar bifreiðinni X-390 var ekið norður Höfðatún, svo að hann stöðvaði bifreið, sem var að fara vestur Skúlagötu, og ók henni austur Borgartún, en skilaði henni við hús Bifreiðaeftirlitsins við Borgartún. Fékk síðan Geir Jón mann og bifreið hjá Bifreiðaeftirlitinu og hélt áfram eftirförinni. Eftir að eltingarleikurinn hafði borizt um Borgartún, Sundlaugaveg og Laugarásveg, náði bifreið sú, sem Geir Jón var í, loks bifreiðinni X-390 austast á Sundlaugavegi, og hafði hún numið þar staðar. Tókst Geir Jóni að handsama stjórnanda margnefndrar bifreiðar, áður en honum tókst að aka af stað aftur, sem hann var þó að búa sig undir að gera. Fyrrnefndir lögreglumenn telja akstur margnefndrar bifreiðar hafa verið afar ógætilegan, þar eð börn, fólk

og önnur umferð hafi verið mikil um götur þær, sem hún ók eftir.

Stjórnandi bifreiðarinnar X-390, sem svo erfiðlega gekk að hand-sama, reyndist vera kærður. Hefur hann viðurkennt, að hann hafi ekið eins og hér að framan hefur verið lýst og vitað um ferðir lögreglumann-anna á eftir sér, en ætlað að reyna að forða sér, þar eð hann hafi þurft að flýta sér austur í Árnessýslu umræddan dag.

IV.

Með því að færa ekki bifreið sína til skoðunar á tilsettum tíma og með því að láta ekki lögreglustjóra í því umdæmi, sem bifreiðina skyldi skoða, vita um, að forföll hömluðu honum að koma með bifreiðina, hefur kærður brotið 4. mgr. 17. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941. Með því að aka í senn allt of hratt og ógætilega, bæði á Hafnarfjarðar-vegi hinn 9. júlí sl. og víðs vegar um Austurbæinn hinn 30. júlí sl., hefur kærður brotið 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna, 2. gr. umferðarlaganna, nr. 24 16. júní 1941, og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930. Með því að sinna ekki stöðvunarmerki lögreglumannanna, en láta þá í þess stað veita sér eftirför í langan tíma, hefur kærður brotið 1. mgr. 28. gr. lögreglusamþykktar Reykja-víkur, og með því að aka um gatnamót Skúlagötu og Laugavegar, gagn-stætt því, sem umferðarmerki á þessum stað gefa til kynna, hefur kærður brotið 1. mgr. 5. gr. umferðarlaganna, sbr. auglýsingu lögreglu-stjóra um umferð á gatnamótum þessum.

Refsing kærðs þykir, samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. um-ferðarlaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir rétt, samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna, að svipta kærðan leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa. Kærðan ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Jóns Hallvarðssonar hdl., 300 krónur.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærður, Kári Söbeck Kristjánsson, greiði 1000 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar-innar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-laun skipaðs talsmanns síns, Jóns Hallvarðssonar hdl., 300 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.